

## Tilmæli 6/2017

<b>Fyrri skjalsnúmer</b>	A 1651/medborger
<b>Afgreiðsla</b>	Norræna velferðarnefndin
<b>Fylgiskjal/-skjöl</b>	A 1651/medborger: Nefndarálit um þingmannatillögu um aðgerðir gegn mansali

**Aðgerðir gegn mansali á hælisleitandi börnum og myndun bandalaga í baráttunni gegn mansali**

Með vísan í 45. og 56. gr. Helsingforssamningsins samþykkti Norðurlandaráð þann 4. apríl 2017 eftirfarandi tilmæli að tillögu norrænu velferðarnefndarinnar.

Norðurlandaráð beinir þeim tilmælum til norrænu ríkisstjórnanna

að þær berjist gegn mansali á hælisleitandi börnum með fræðslu og upplýsingum í móttökumiðstöðvum um réttindi barna;

að þær virki borgarasamfélagið í baráttunni gegn mansali – meðal annars félagasamtök sem sinna þessum málum, stéttarhreyfingunni og aðilum vinnumarkaðarins;

að þær beiti sér fyrir því að höfð verði hliðsjón af nýjum birtingarmyndum mansals í evrópskri og alþjóðlegri löggjöf.

Kaupmannahöfn, 6. apríl 2017

*Britt Lundberg*

Forseti Norðurlandaráðs

*Britt Bohlin*

Framkvæmdastjóri Norðurlandaráðs